

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 185/2012

2012/EES/70/33

frá 28. september 2012

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012 frá 26. júlí 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 606/2010 frá 9. júlí 2010 um samþykki á einfölduðu tæki sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (*Eurocontrol*) hefur þróað til að áætla eldsneytisnotkun tiltekinna umráðenda loftfara sem losa lítið ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21apd (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/638/ESB) í XX. viðauka við samninginn:

„21ape. **32010 R 0606**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 606/2010 frá 9. júlí 2010 um samþykki á einfölduðu tæki sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (*Eurocontrol*) hefur þróað til að áætla eldsneytisnotkun tiltekinna umráðenda loftfara sem losa lítið (Stjtið. ESB L 175, 10.7.2010, bls. 25).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 606/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 38, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 63, 8.11.2012, bls. 43.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 175, 10.7.2010, bls. 25.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.